

Mál nr. 28/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Líf-, sjúkra- og slysatrygging.

Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar.Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. janúar 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu, dags. 24. apríl 2024, er því lýst að M hafi slasast við vinnu sína við smíði á þakkanti húss 24. nóvember 2022. Af þeim sökum telur M sig eiga bótarétt úr slysatryggingarlið tryggingar hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar, dags. 12. febrúar 2025, kemur fram að V sem telur að M eigi ekki bótarétt byggir í fyrsta lagi á því að líkamstjón M falli utan gildissviðs slysatryggingarinnar. Í því sambandi er vísað til þess að það komi fram í bréfi V til M, dags. 10. janúar 2019, að tryggingin taki ekki til slysa sem M verður fyrir við störf sín sem smiður. Telur V að sú hafi verið raunin hvað varðar slysið 24. nóvember 2022. Í öðru lagi hafnar V bótaskyldu með þeim rökum að tjónstilkynning M hafi borist of seint. Er í því sambandi vísað í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga.

Í málskoti mótmælir M framangreindum rökum V. Hafi hann orðið fyrir varanlegu tjóni í slysinu sem V beri að bæta. Kemur m.a. fram að M telur að það skorti á að sá texti sem V byggir þá niðurstöðu sína á að slys M falli utan gildissviðs slysatryggingarinnar sé nógu skýr til þess að hægt sé að byggja á honum í málinu. Þá telur M sig hafa tilkynnt tjónið innan lögbundins frests. Bendir M m.a. á í því sambandi að hann hafi ekki gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en 16. ágúst 2023.

Álit.

Eins og að framan greinir snýr ágreiningur aðila m.a. að því hvort afleiðingar líkamstjóns þess sem M varð fyrir af völdum slyss 24. nóvember 2022 falli utan gildissviðs þeirrar tryggingar sem var í gildi hjá V. Nefndin telur að það liggi fyrir í málinu að M slasaðist við störf sín sem smiður 24. nóvember 2022. Í málinu liggur fyrir að við töku umræddar tryggingar var tekið fram af hálfu V að slysatryggingaliður tryggingarinnar gildi ekki um atvinnutengda áhættu M. Telur nefndin að þetta komi nægjanlega skýrt fram í gögnum málsins til þess að leggja beri það til grundvallar í úrskurðinum. Niðurstaða nefndarinnar er því sú að M eigi ekki rétt á bótum vegna afleiðinga þess líkamstjóns sem hann varð fyrir við störf sín 24. nóvember 2022. Af þessum sökum telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um aðrar málsástæður aðila.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu, hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir